



BA ritgerð

Félagsráðgjöf

Einelti

Afleiðingar, úrræði og staða barna með erlendan bakgrunn

Bylgja Sigmarsdóttir

Leiðbeinandi Sigrún Harðardóttir
Júní 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Einelti

Afleiðingar, úrræði og staða barna með erlendan bakgrunn

Bylgja Sigmarsdóttir

290491-3479

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Sigrún Harðardóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Einelti

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Bylgja Sigmarsdóttir, 2016

Útdráttur

Í ritgerðinni er fjallað um einelti barna á grunnskólaaldri. Markmið ritgerðarinnar er að fjalla um afleiðingar og úrræði eineltis ásamt því að skoða stöðu barna með erlendan bakgrunn og innflytjendabarna í eineltismálum. Helstu niðurstöður eru þær að einelti á sér stað þegar einstaklingur er sérstaklega tekinn fyrir og áreittur, líkamlega eða andlega, ítrekað yfir langan tíma af einum aðila eða fleiri. Afleiðingar eineltis geta varað í skamman tíma líkt og kvíði á meðan á eineltinu stendur eða í langan tíma líkt og þunglyndi á fullorðinsárum eða í verstu tilfellunum, sjálfsvíg. Vegna alvarlegra afleiðinga er nauðsynlegt að foreldrar og skólar geti nýtt sér úrræði til að bæta aðstæður barna. Samvinna foreldra gerenda og foreldra þolenda við skóla er eitt það mikilvægasta í eineltismálum. Margir grunnskólar styðjast við Olweusaráætlunina gegn einelti og andfélagslegu atferli en skólafélagsráðgjafar búa einnig yfir þjónustu fyrir grunnskóla. Staða innflytjendabarna í eineltismálum hefur lítið verið rannsökuð hér á landi en þar sem fleiri innflytjendabörn koma nú til landsins en áður er mikilvægt að skoða stöðu þeirra nánar. Hins vegar hafa rannsóknir á innflytjendabörnum verið gerðar á Norðurlöndunum en þær niðurstöður sýna að yngri innflytjendabörn á grunnskólaaldri eru líklegri fórnalömb eineltis en innfæddir jafnaldrar þeirra. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á börnum af erlendum uppruna á Íslandi sýna að þau eru líklegri fórnalömb eineltis en íslensk börn. Þegar unnið er með innflytjendabörnum og fjölskyldum þeirra er mikilvægt að koma á góðu samstarfi fjölskyldu og skóla og að starfsfólk kynni sér bakgrunn fjölskyldunnar sem unnið er með. Fleiri rannsóknir vantar hins vegar á þessu sviði til þess að sjá sérstöðu innflytjendabarna á Íslandi í eineltismálum og geta í kjölfarið þróað fleiri úrræði fyrir þau og fjölskyldur þeirra.

Formáli

Ritgerð þessi er 12 eininga (ETCTS) lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var dr. Sigrún Harðardóttir en ég vil þakka henni sérstaklega fyrir góðan stuðning og leiðsögn. Þá vil ég þakka kærasta mínum, Guðmundi Sigurðssyni fyrir yfirlestur, ábendingar og hvatningu í gegnum námið. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir allan stuðninginn.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Efnisyfirlit.....	5
1 Inngangur.....	7
2 Fræðilegur bakgrunnur.....	9
2.1 Skilgreining á einelti	9
2.2 Birtingarmyndir eineltis.....	10
2.2.1 Stríðni eða einelti.....	10
2.2.2 Beint einelti.....	11
2.2.3 Óbeint einelti	11
2.2.4 Rafrænt einelti.....	11
2.3 Áhrif foreldra	12
2.4 Hlutverk skóla	13
2.5 Kenningar	14
2.5.1 Þróun sjálfsins skv. Erikson	14
2.5.2 Herminámskenning Albert Bandura	15
2.5.3 Félagsfærni.....	16
3 Þátttakendur eineltis, afleiðingar og úrræði.....	17
3.1 Þátttakendur eineltis.....	17
3.1.1 Þolendur	18
3.1.2 Gerendur.....	19
3.1.3 Áhorfendur	20
3.2 Afleiðingar eineltis.....	21
3.2.1 Skammtíma afleiðingar þolenda	21
3.2.2 Langtíma afleiðingar þolenda	22
3.2.3 Afleiðingar gerenda.....	23
3.3 Úrræði	24
3.3.1 Úrræði foreldra.....	24
3.3.2 Úrræði grunnskóla.....	25
4 Börn með erlendan bakgrunn og innflytjendabörn	28
4.1 Munur á einstaklingi með erlendan bakgrunn og innflytjenda	28
4.2 Fjölgun innflytjenda.....	29
4.3 Rannsóknir.....	29
4.3.1 Rannsóknir innflytjendabarna á Norðurlöndum.....	30

4.3.2 Íslenskar rannsóknir á börnum með erlendan bakgrunn.....	31
4.3.3 Hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með börnum með erlendan bakgrunn og fjölskyldum þeirra.....	33
5 Niðurstöður og umræða.....	34
Heimildaskrá	37

1 Inngangur

Hér á landi gera umræður um einelti fyrst vart við sig árið 1980 (Guðjón Ólafsson, 1996). Síðan þá hafa umræður aukist og almenningur virðist meira vakandi fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar einelti getur haft á einstaklinga. Einelti á sér ekki bara stað hjá börnum og unglingum, en einstaklingur á öllum aldri getur verið þolandi, gerandi eða áhorfandi eineltis (Guðjón Ólafsson, 1996). Þegar um einelti meðal barna og unglinga er að ræða hafa rannsóknir hins vegar sýnt að í flestum tilfellum á hegðunin sér stað í skólanum (Olweus, 2003). Til þess að vinna markvisst gegn einelti er mikilvægt að skilningur ríki um hvað einelti er, hverjar birtingamyndir eineltis eru og hvaða afleiðingar einelti getur haft í för með sér (Sonia og Smith, 2000). Grunnskólar og foreldrar barna í eineltisaðstæðum geta nýtt sér úrræði sem í boði eru til þess að minnka afleiðingar eineltis. Mismunandi menningaruppruni, trú, gildi og viðhorf gerir það hins vegar að verkum að ekki virka öll úrræði eins fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Fjölgun innflytjenda til landsins gera auknar kröfur um fjölbreyttara form úrræða í eineltismálum.

Einelti barna er eitthvað sem ég hef lengi haft áhuga á og þá sérstaklega afleiðingar eineltis og úrræði sem í boði eru. Í fyrstu hafði ég mikinn áhuga á að skoða stöðu innflytjendabarna í eineltismálum hér á landi, aðallega vegna þess að innflytjendabörnum hefur fjölgað mikið síðustu ár og vegna jaðarstöðu sem þau eru talin vera í. Lítil þekking er hins vegar á stöðu þeirra hér á landi og þar af leiðandi ákvað ég að skoða frekar stöðu barna með erlendan bakgrunn. Engu að síður þótti áhugavert að fjalla um niðurstöður rannsókna á stöðu þeirra á Norðurlöndum vegna gagnlegra upplýsinga sem það gæti gefið okkur.

Markmið þessarar ritgerðar er að fjalla um einelti sem á sér stað á grunnskólaaldri, afleiðingar eineltis og úrræði fyrir foreldra og grunnskóla í eineltisaðstæðum. Fjallað verður einnig um stöðu barna með erlendan bakgrunn í eineltismálum hér á landi. Þær rannsóknarspurningar sem leitast er við að svara í ritgerðinni eru:

1. Hvað er einelti?
2. Hverjar eru helstu afleiðingar eineltis?

3. Hvaða úrræði geta grunnskólar og foreldrar nýtt sér?
4. Hver er staða innflytjendabarna og barna með erlendan bakgrunn í eineltismálum hér á landi og hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með þeim og fjölskyldum þeirra?

Ritgerðin skiptist í sjö kafla. Í kafla tvö verður fjallað um skilgreiningar fræðimanna á einelti, helstu birtingarmyndir eineltis, áhrif foreldra, hlutverk skóla og kenningar sem tengjast einelti. Í kafla þrjú verður fjallað um þátttakendur eineltis, helstu afleiðingar eineltis og úrræði sem foreldrar og grunnskólar geta nýtt sér. Í kafla fjögur verður greint frá stöðu barna með erlendan bagrunn og innflytjendabarna í eineltismálum. Í kafla fimm verður gerð grein fyrir niðurstöðum, þær ræddar í ljósi fyrri rannsókna og kenninga og dregnar af þeim ályktanir.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningar fræðimanna á einelti, helstu birtingamyndir eineltis, áhrif foreldra, hlutverk skóla og kenningar sem tengjast einelti.

2.1 Skilgreining á einelti

Áður en fjallað er um afleiðingar og úrræði eineltis þarf að skilgreina hegðunina. Íslenska alfræðiorðabókin skilgreinir einelti sem stríðni, ofbeldi eða annað áreiti sem einstaklingur eða hópur sýnir tilteknum einstakling (Íslenska alfræðiorðabókin, 2000). Ýmsir fræðimenn hafa einnig leitast við að skilgreina hvað einelti er.

Sænski prófessorinn Dr. Dan Olweus gerði rannsókn árið 1970 á sviði eineltis en hún er talin vera fyrsta sinnar tegundar í heiminum (Olweus Bullying prevention program, 2003). Rannsókn hans fjallaði um einelti í norskum grunnskólum en í kjölfarið lagðist hann í aðgerðir til að vinna gegn erfiðleikum sem upp koma í skólalastarfinu tengdu einelti (Ross, 2003). Þessar aðgerðir urðu til þess að hann mótaði áætlun til að vinna gegn einelti og ber hún nafnið Olweusar eineltisáætlunin. Áætlunin hefur reynst vel og hefur verið notuð með góðum árangri í nokkrum löndum, til dæmis í Noregi, Englandi, Bandaríkjunum og á Íslandi (Olweus Bullying prevention program, 2003).

Olweus telur að einelti eigi stað þegar einstaklingur verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði yfir ákveðið tímabil af einum eða fleiri aðilum. Neikvæður verknaður er þegar aðili veldur öðrum tjóni eða óþægindum viljandi, hvort sem það er í orði, með líkamlegri snertingu eða á annan hátt. Einelti á sér einnig stað þegar aflsmunur er á milli einstaklinga, þ.e. að sá sem verður fyrir neikvæðu hegðuninni á erfitt með að verja sig gagnvart einum eða fleiri (Olweus, 2006).

Lodge og Frydenberg (2005) benda á að almennt sé einelti skilgreint út frá valdamismun, ásetningi til að skaða og því hversu oft neikvæða hegðunin eigi sér stað. Þeir leggja áherslu á að gerandi fái aukin völd yfir þolanda við eineltið og að verknaður gegn þolanda er gerður viljandi. Þeir leggja einnig áherslu á að einelti er endurtekin hegðun og því lifa fornarlömbin oft í stöðugum ótta við fleiri árásir.

Sharp og Smith (2000) benda á að einelti eigi stað þegar langvarandi ofbeldi, hvort sem um er að ræða andlegt eða líkamlegt, er gegn einum aðila þar sem einn eða fleiri níðast á honum og hann getur ekki varið sig sjálfur.

Smith og Thompson (1991) halda því fram að þrjú atriði segi til um hvort um einelti sé að ræða. Eineltið þarf að gerast ítrekað, það þarf að vera tilefnislaust og gerandi þarf að vera sterkari en þolandi, í það minnsta sýnast vera það.

Tattum (1989) bendir á að gerandi er sá sem meiðir annan einstakling viljandi en eineltið getur varað í stuttan tíma, eða verið ítrekað yfir langt tímabil.

Samkvæmt ofangreindum skilgreiningum er einelti endurtekið ofbeldi yfir ákveðið tímabil. Framfarir í rannsóknum spurja hins vegar um hvort svo þurfi að vera.

Fræðimenn hafa nýlega uppgötvað að eitt atvik af rafrænu einelti (e. cyberbullying) geti haft skaðleg áhrif á fórnarlambið. Þegar viðkvæmar og særandi upplýsingar um einstakling eru settar á internetið geta þær verið aðgengilegar fjölda fólks yfir langan tíma (Slonje og Smith, 2008).

2.2 Birtingarmyndir eineltis

Öll ofbeldisfull hegðun er ekki talin sem einelti. Sem dæmi eru átök milli jafn sterkra barna ekki talin sem einelti og það sama á við skemmdarverk sem eru framin á heimili ókunnugra vegna ástæðna líkt og „ég þoli ekki hvernig hann horfir á mig“ (Ross, 2003).

Í þessum kafla verður fjallað um helstu birtingarmyndir eineltis. Fjallað verður um muninn á stríðni og einelti, beint einelti, óbeint einelti og rafrænt einelti.

2.2.1 Stríðni eða einelti

Sársaukamörk barna eru mismikil. Það sem eitt barn kallar stríðni, getur öðru barni þótt niðurlægjandi eða óþægilegt (Þorlákur H. Helgason, 2009).

Í sumum tilfellum getur verið erfitt að skera úr um hvort um er að ræða stríðni eða einelti. Dr. Dan Olweus (2006) segir að venjulega sé vingjarnlegur ærslafullur leikur eða stríðni ekki túlkað sem einelti. Þar sem endurtekin illgirnileg stríðni á sér stað á hendur aðila sem er á móti þeirri hegðun er um einelti að ræða.

2.2.2 Beint einelti

Dan Olweus (2006) bendir á að augljós neikvæður verknaður eða árásir á þolanda teljist sem beint einelti. Beint einelti getur því verið líkamlegt ofbeldi, orð og athafnir sem heyrast eða sjást. Sharp og Smith (2000) segja að líkamlegt einelti er einna helst barsmíðar, hrindingar, spörk og skemmdarverk. Munnlegt einelti telst einnig sem beint einelti en það er þegar gerandi uppnefnir og beitir niðrandi athugasemdum á þolanda.

Þorlákur H. Helgasson (2009) framkvæmdarstjóri Olweusaráætlunarinnar á Íslandi telur að beint einelti sé til dæmis þegar verðmæti eru tekin af þolanda og hann fenginn til þess að gera hluti sem hann vill ekki gera líkt og að stela. Þolandi þorir ekki öðru en að hlýða því sem gerandi segir til þess að forðast eineltið sem á sér stað meðal annars vegna útlits líkt og litarháttar, erlends uppruna, námserfiðleika og fleira. Þorlákur bendir einnig á að beint einelti eigi sér stað þegar gerandi hafi látbrögð með kynferðislegri merkingu.

2.2.3 Óbeint einelti

Óbeint einelti er þegar félagsleg einangrun á sér stað líkt og útilokun úr hópi. Dæmi um óbeint einelti er þegar lygum er dreift um þolanda í þeim tilgangi að láta öðrum líka illa við hann en einnig eru til fleiri dular árásir (Olweus, 2006). Óbeint einelti er þegar einstaklingur skilur annan útundan, hundsar annan einstakling, neitar einhverjum aðgangi að samfélagi jafningja sinna og baktalar annan aðila (Sharp og Smith, 2000).

Sharp og Smith (2000) segja að dulið einelti geti verið á þann hátt að gerandi hafi jafnvel náð tökum á þolanda og því hafi nokkurs konar eineltissamband myndast. Þegar slíkt samband hefur myndast getur eitt slæmt augnarráð frá gerenda leitt til hræðslu og óöryggis hjá þolanda. Alvarlegasta tegund eineltis sem barn getur lent í er líklega dulið einelti þar sem eineltið er ekki sýnilegt öðrum (Þorlákur H. Helgason, 2009).

2.2.4 Rafrænt einelti

Með aukinni tækni er einelti að færast meira yfir á internetið. Þar eiga börn og unglingar samskipti sín á milli á ýmsum samfélagsmiðlum líkt og *Facebook* (Helga Margrét Guðmundsdóttir, e.d.)

Rafrænt einelti er líkt og annað einelti, ofbeldisfull hegðun sem ætluð er að skaða einstakling (Smith, Mahdavi, Carvalho, Fisher, Russell og Tippett, 2008). Felur það í sér

að einstaklingur eða hópar nota raftæki, þá aðallega farsíma til þess að dreifa lygum og öðrum neikvæðum ummælum í þeim tilgangi að skaða annan einstakling (Lawrence og Adams, 2006; Smith o.fl., 2008). Rafrænt einelti getur meðal annars birst í formi yfirlýsinga, skyndiskilaboða, á heimasíðum og í tölvupósti. Eineltið getur einnig komið fram í myndtexta, þar sem mynd af einstakling er sett á internetið og þeir sem vilja geta sett niðrandi texta við myndirnar. Börn og unglingar nota oft farsíma sína til þess að hræða fórnalambið eða áreita með óviðeigandi textaskilaboðum, myndum og símtölum (Helga Margrét Guðmundsdóttir, e.d.). Hegðunin er oft ítrekað yfir einhvern tíma og fórnarlambið getur átt erfitt með að verja sig (Smith o.fl., 2008). Erfitt getur verið að finna upptökin þegar um rafrænt einelti er að ræða þar sem upplýsingum er hægt að dreifa hratt til margra aðila (Lawrence og Adams, 2006).

2.3 Áhrif foreldra

Þeir sem leggja aðra í einelti fæðast ekki gerendur, en mörg atriði stuðla að því að barn leggur aðra í einelti. Eiginleikar foreldra geta speglast í hegðun barna sem leggja aðra í einelti líkt og neikvæð hegðun (Ross, 2003).

Fræðimenn á sviðinu hafa lengi skoðað hvort eitthvað í umhverfinu geri það að verkum að börn verði gerendur eineltis. Ákveðnar aðstæður í lífi þessara barna hafa meiri áhrif en önnur. Má þar nefna minni nálægð, öryggi og hlýju sem þessi börn hafa upplifað í samskiptum við sína nánustu en önnur börn almennt. Hvað telst leyfilegt í samskiptum hefur einnig breyst með tímanum og þessi börn hafa ekki fengið réttar leiðbeiningar um hvað er rétt og rangt frá sínu umhverfi. Börn sem verða gerendur hafa einnig oft lifað við líkamlegar refsingar og reiði í sínum uppeldisaðstæðum af höndum foreldra sinna (Ball, Arseneault, Taylor, Maughan, Caspi og Moffit, 2008; Nation, Vieno, Perkins og Santinello, 2007).

Nemendur sem leggja aðra í einelti eiga það sameiginlegt að viðbrögð þeirra við mismunandi aðstæðum einkennast af ofbeldisfullri hegðun. Stór hluti þessara barna hefur sýnt slíka framkomu áður en skólaganga byrjar og er því mikilvægt að spyrja hvers konar uppvaxtarskilyrði skapa þessa hegðun hjá börnum (Olweus, 2003).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á drengjum sýna að fjögur atriði virðast skipta mestu máli þegar þeir þróa með sér ofbeldisfulla hegðun. Í fyrsta lagi skiptir tilfinningaleg afstaða foreldranna sem annast drenginn miklu máli, en fyrstu fjögur árin

eru mikilvægust hvað þetta varðar. Ef drengur elst upp við skort á hlýju og umhyggju aukast líkur á ofbeldisfullri hegðun til muna. Í öðru lagi skiptir undanlátsssemi foreldra gagnvart ofbeldisfullri hegðun miklu máli. Ef aðal umönnunaraðili hefur leyft margt án þess að setja skýr mörk um ofbeldisfulla hegðun gagnvart öðrum aðilum líkt og systkinum og félögum getur það leitt til frekara ofbeldis hjá þeim drengjum. Í þriðja lagi skiptir máli hvort mikil valdabeiting á sér stað í uppeldi barns, en hún eykur líkur á ofbeldisfullri hegðun. Mikilvægt er því að setja barninu skýr mörk um hvers konar hegðun er leyfileg og hvers konar hegðun er ekki leyfileg en aðferðir líkt og líkamlegar refsingar gegn drengjum auka líkur á ofbeldisfullri hegðun hjá þeim. Í fjórða lagi hefur lunderni barns áhrif á hvort það hafi tilhneygingu til þess að fremja ofbeldisfulla hegðun. Til dæmis á fjörugt barn í meiri hættu en rólegt barn á að fremja ofbeldisfulla hegðun sem unglingur. Áhrif lundernis er þó veikara heldur en fyrri þættirnir líkt og skortur á umhyggju og undanlátsssemi. Vert er að taka fram að þetta eru aðaleinkenni. Aðrir þættir geta einnig haft áhrif líkt og ef enginn faðir er til staðar eða einungis ofbeldisfullur faðir (Olweus, 2003).

2.4 Hlutverk skóla

Grunnskólar fara eftir lögum sem við koma börnum á grunnskólastigi. Hér að neðan verður farið yfir lög um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 ná yfir sjálfstætt rekna grunnskóla, grunnskóla á vegum sveitarfélaga og allt nám sem er viðurkennt á grunnskólastigi. Fram kemur í 13. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að grunnskóli skuli vinna sín störf þannig að nemendur njóti hæfileika sinna og finni til öryggis. Í 30. grein sömu laga kemur fram að starfsmenn skóla skuli hafa samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Grunnskólar eiga einnig að hafa heilstæða stefnu um hvernig koma á í veg fyrir að andlegt, líkamlegt og félagslegt ofbeldi eigi sér stað innan skóla.

Aðalnámskrá grunnskóla nær til nemenda og starfsfólk skóla en hún inniheldur nánari útfærslu á ákvæðum laga um grunnskóla og reglugerða um kennslu og nám í skóla. Í námskránni kemur fram að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám sem hentar hverjum og einum. Tækifæri til náms eigi að vera jöfn, óháð aðstæðum og atgervi hvers og eins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Fram kemur í Aðalnámskrá að á grunnskólastigi eigi nemendur rétt á að stunda skyldunám í almennum grunnskólum án aðgreiningar. Með því er átt við grunnskóla í nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins. Fram kemur að í skólanum skuli borin virðing fyrir fjölbreytileika nemenda og að leggja skuli áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar í skólum. Í námskránni kemur einnig fram að í skólanum eigi börnin að búa við öryggi og að hann eigi að vera griðastaður þeirra. Fram kemur einnig að grunnskólinn skuli vinna markvisst að forvörnum sem snúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Grunnskólinn skal einnig koma sér upp forvarnaráætlun og í henni verði áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

2.5 Kenningar

Í þessum kafla verður fjallað um kenningar sem tengjast einelti. Gerð verður grein fyrir kenningu Erik H. Eriksson um þróun sjálfsins, herminámskenningu Albert Bandura og mikilvæg atriði varðandi félagsfærni. Til þess að skilja af hverju einelti á sér stað hjá börnum á grunnskólaaldri er nauðsynlegt að skoða hvað kenningar segja að barn þurfi til þess að ná góðum alhliða þroska.

2.5.1 Þróun sjálfsins skv. Erikson

Erik H. Erikson er einn helsti sálgreinandi 20. aldarinnar. Kenning Erikson byggir á kenningu Freud um kynorkustigin, en Erikson vann m.a. með dóttur hans Önnu Freud.

Erik H. Eriksson lagði áherslu á félagsleg tengsl á hverju stigi lífsins og skipti þróun sjálfsins niður í átta stig. Á hverju stigi er verkefni sem einstaklingurinn þarf að takast á við til þess að komast á næsta stig. Erikson einblínir á tengsl barnsins við foreldra sína, aðra umönnunaraðila, kennara og jafnaldra (Ciccarelli og White, 2012). Stigin átta ná yfir allt æviskeið einstaklingsins en fyrstu fimm stigin ná til barna og ungmenna á grunnskólaaldri svo gerð verður grein fyrir þeim nánar:

Börn frá fæðingu til eins árs eru á fyrsta stigi en það einkennist af trausti eða vantrausti og byggir það á því hvort þörfum barnsins sé mætt. Uppfylli foreldri helstu þarfir barnsins líkt og öryggi, fæði og hlýju myndar barnið traust tengsl.

Börn á aldrinum eins til þriggja ára eru á öðru stigi en það einkennis af sjálfstjórn eða blygðun. Ef barni er umbunað þegar það stendur sig vel og foreldrar lítilsvirða það ekki þegar því mistekst mun sjálfstjórnin verða sterkari en blygðunarkenndin.

Börn á aldrinum þriggja til fimm ára eru á þriðja stigi og einkennist það af frumkvæði á móti sektarkennd. Ef foreldrar viðurkenna forvitni barnsins mun frumkvæði verða sterkara en sektarkenndin hjá barninu.

Börn á aldrinum fimm til tólf ára eru á fjórða stigi en framtakssemi á móti vanmetakennd er það sem einkennir stigið. Ef barninu misheppnast ekki endurtekið það sem það gerir í skóla og heimavið verður framtakssemin sterkari en vanmetakenndin hjá barninu.

Einstaklingar á aldrinum 13 til 20 ára eru á fimmta stigi en þar á sér stað sjálfsmynd eða óvissa um hlutverk. Á þessu stigi þurfa unglingar að ákveða hvað þeir vilja vera, vinna við og trú á. Náist það verður sjálfsmynd þeirra sterkari, en ef ekki á sér stað óvissa um hlutverk (Ciccarelli og White, 2012).

Barn er fyrstu 12 til 18 mánuði í lífi sínu að byggja upp traust. Ef umönnunaraðilar barnsins veita því ekki ást og hlýju getur barnið þróað með sér vantraust sem getur haft áhrif á samskipti barnsins við aðra á lífsleiðinni. Erikson segir að það skipti máli hvernig aðstæður barna eru hvort það nái kröfum sem gerðar eru á hverju stigi. Traust hjá barni myndast ekki ef umönnunaraðilar sinna ekki barninu með ást og umhyggju. Erikson bendir á að ef einstaklingur nær ekki að leysa verkefni á einhverjum af átta stigum hans getur það haft áhrif á færni barnsins til að leysa verkefni í framtíðinni. Sem dæmi getur barn sem hefur þróað með sér vantraust á fyrstu æviárum sínum átt erfitt með að mynda ný tengsl við aðra einstaklinga (Bee og Boyd, 2010).

2.5.2 Herminámskenning Albert Bandura

Herminámskenningin gengur út á það að barn lærir hegðun með því að fylgjast með öðrum aðila framkvæma þá hegðun. Hegðunin getur bæði verið jákvæð og neikvæð (Bee og Boyd, 2010).

Herminámskenning Albert Bandura er af mörgum talin ein áhrifamesta kenningin í dag. Kenningin byggir í grunninn á námskenningum en nokkrar lykilhugmyndir hafa einnig bæst við. Hann bendir á að lærdómur komi af því að horfa á einhvern framkvæma

einhverja hegðun. Þessi lærdómur kallast herminám (e. observational learning), en lærða hegðunin getur bæði verið æskileg og óæskileg. Börn geta lært ofbeldisfulla hegðun með því að sjá aðra beita ofbeldi eða með því að sjá ofbeldi í sjónvarpi. Börn læra einnig að vera örlát með því að sjá aðra gefa frá sér líkt og ef einstaklingur gefur pening til góðgerðarstarfa. Bandura leggur áherslu á hið huglæga hvað varðar herminám. Í dag er kenningin hans kölluð félagsleg hugræn kenning (e. social cognitive theory) frekar en félagsleg námskenning (e. social learning theory) líkt og hún hét upprunalega. Með þessu er átt við að barn sem sér foreldra sína í sjálfböðastarfi einu sinni í mánuði getur gert sér grein fyrir mikilvægi þess að gefa af sér þó svo að foreldrar barnsins hafi ekki útskýrt það sérstaklega fyrir barninu. Í gegnum herminám getur barn öðlast viðhorf, gildi, og lært aðferðir til að leysa vandamál (Bee og Boyd, 2010).

2.5.3 Félagsfærni

Félagsfærni er lærð hegðun sem gerir einstaklingi kleift að eiga góð samskipti við aðra og forðast viðbrögð sem eru félagslega ósættanleg. Þetta felst í því að einstaklingur kunni að hrósa, hjálpa og deila með öðrum en sú færni er talin ein sú mikilvægasta sem barn þróar með sér. Félagsleg færni felur meðal annars í sér að barn geti náð persónulegum markmiðum sínum og börn með góða félagsfærni eru líkleg til að viðhalda samskiptum við aðra, hafa frumkvæði að þeim og aðlaga sig að nýjum aðstæðum (Reykjavíkurborg, 2008).

3 Þátttakendur eineltis, afleiðingar og úrræði

Í þessum kafla verður fjallað um þátttakendur eineltis, helstu afleiðingar og úrræði sem foreldrar og skólar geta nýtt sér.

3.1 Þátttakendur eineltis

Allir geta einhvern tímann tengst einelti á einn eða annan hátt, sem þolandi, gerandi eða áhorfandi. Rannsóknir sína að drengir verða í meira mæli gerendur og þolendur eineltis en stúlkur (Nation, o.fl., 2007; Nansel, Overpeck, Pilla, Ruan, Simons-Morton og Scheidt, 2001).

Sum börn eru í meiri hættu en önnur að verða fyrir einelti. Strákar verða oftast fyrir einelti en stelpur og börn úr fátækum fjölskyldum eru dæmi um einstaklinga sem verða oftast þolendur eineltis. Börn sem teljast öðruvísi á einhverja vegu heldur en jafnaldrar sínir eru einnig líklegri til að verða þolendur eineltis (Bjereld, Daneback og Petzold, 2014). Munur er á milli kynja þegar við kemur einelti. Strákar eru þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að leggja jafnaldra í einelti samanborið við stelpur. Aðeins fleiri strákar en stelpur eru líka þolendur eineltis (Fadrem, Strohmeier og Roland, 2009). Í könnun á vegum Olweusarverkefnisins gegn einelti á Íslandi árið 2015 kemur í ljós að stúlkur í 8.-10. bekk í grunnskóla líkar verr í skólanum en fyrri ár. Árið 2011 voru 1,9% stúlkna sem líkar illa eða mjög illa í skóla en árið 2015 voru það 5% stúlkna. Þetta tengist því að 10,9% stúlkna á sama aldri árið 2015 óttast að verða lagðar í einelti af samnemendum. Könnunin sýnir einnig fram á að þessi aukning á sér ekki stað meðal drengja milli ára líkt og hjá stúlkum en árið 2015 voru það 4% drengja sem líkar illa eða mjög illa í skóla samanborið við 5% stúlkna (Þorlákur H. Helgason, 2016).

Fjallað verður um þolanda, geranda og áhorfanda eineltis hér að neðan en þó að atriðin sýni fram á sameiginleg einkenni þessara hópa ber að varast að búa ekki til of staðlaðar ímyndir af þessum einstaklingum.

3.1.1 Þolendur

Ekki er til eitt svar við því af hverju einn frekar en annar verður fyrir einelti. Rannsóknir hafa þó sýnt fram á nokkur sameiginleg einkenni þolenda sem geta mögulega skýrt stöðuna.

Börn sem eru fórnalömb eineltis eiga það oft sameiginlegt að vera óöruggari, kurteisari, viðkvæmari, feimnari og varkárari en börn almennt (Lodge og Frydenberg, 2005). Börn sem eiga við námsörðugleika að stríða, eru oft ein, eiga fáa vini í skólanum og eiga erfitt með að verja sig gegn stríðni teljast líklegri til að verða þolendur eineltis. Þó það sé alls ekki einhlítt eru börn sem eru að einhverju leyti „öðruvísi“ líklegri fórnarlömb (Ross, 2003). Börn sem hafa lélega samhæfingu í hreyfingum sínum eru líklegri til að verða fórnalömb eineltis en þau sem ekki hafa hana. Börn sem verða fyrir ofbeldi eða einhvers konar misþyrmingu heima fyrir eru einnig líklegri til að verða fórnalömb eineltis vegna skorts á sjálfstrausti (Ross, 2003).

Fræðimenn hafa fundið út nokkur atriði sem einkenna þolendur eineltis. Fyrst ber að nefna að þessi börn trúna ekki að þau hafi áhrif á umhverfi sitt og finnst ytri þættir hafa meiri áhrif á líf þeirra en innri stjórn. Börnin hafa einnig litla félagslega færni, eru ekki vinsæl og eru oft á tíðum félagslega einangruð. Þessi börn kenna sjálfum sér oft um eineltið, hafa lélega sjálfsmynd og sýna einkenni þunglyndis sem getur leitt af sér sjálfskaðandi hegðun. Börn sem eru fórnalömb eineltis eru einnig hrædd við að fara í skólann, missa hæfnina til að tjá sig þegar mikil streita á sér stað og búa oft yfir minni færni en aðrir til þess að ná árangri. Þessi börn eiga erfitt með ná félagslegum tengslum við jafnaldra sína og trúna frekar á aðra til að takast á við aðstæður en þau sjálf. Foreldrar þessara barna eru einnig mikið inn í ákvarðanatökum sem tengjast barninu (Hazler, Carney, Green, Powell og Jolly, 1997).

Rannsóknir sýna að enginn munur er á þolendum og jafnöldrum þeirra hvað varðar útlit eða aðstæður en eini marktæki munurinn er á drengjum sem verða fórnalömb eineltis vegna veikbyggðari líkamlegri stöðu þeirra (Menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Heimili og skóli, 2002; Ross, 2003). Því er ekki hægt að segja með vissu að börn með frávik í útliti eða aðstæðum verði fyrir einelti vegna þess. Frávik í útliti eða aðstæðum geta hins vegar verið ástæða fyrir því að árásir hefjast gegn börnum sem eru óörugg, veik og óstyrk fyrir (Guðjón Ólafsson, 1996).

Í stórum dráttum er hægt að skipta þolendum eineltis í tvo hópa, aðgerðalausar þolendur og þolendur með ögrandi hegðun. Fyrirnefndi hópurinn er þó mun algengari en sá síðari en um 15 til 20 af hundruði flokkast sem þolendur með ögrandi hegðun. Aðgerðalausir þolendur eru oft hlédrægnir, tilfinninganæmir, gætnir, óöruggir, með neikvæða sjálfsmynd, eiga fáa vini, eru ekki jafn sterkbyggðir líkamlega og aðrir bekkjarfélagar og finnst auðveldara að umgangast fullorðna en jafnaldrar. Fæstir þessara nemenda eru stríðnir eða ágengir og því er ekki hægt að segja að þeir ögri umhverfinu á einhvern hátt (Menntamálaráðuneytið o.fl., 2002).

Þolendur með ögrandi hegðun geta verið uppstökk og svarað fyrir sig ef ráðist er á þau. Þessir einstaklingar eru oft klaufalegir, óþroskaðir, eiga erfitt með að halda athygli og litið á þá almennt sem erfiða einstaklinga. Þessir nemendur glíma sumir við einbeitingarvanda og margir þeirra glíma við lestrar- og skriftarörðugleika. Þolendur með ögrandi hegðun leggja stundum viðkvæma einstaklinga í einelti og teljast því bæði sem gerendur og þolendur (Menntamálaráðuneytið o.fl., 2002).

3.1.2 Gerendur

Börn sem eru gerendur í eineltismálum eru áráshneigðari en önnur börn og líta jákvæðari augum til ofbeldis. Þessir einstaklingar hafa litla tilfinningu fyrir líðan annarra og eru oft á tíðum skapbráðir og stjórnsamir. Sérfræðingar líkt og barnalæknar og sálfræðingar hafa haldið því fram að gerendur í skólum séu óöruggir og hræddir undir yfirborðinu. Rannsóknir sýna hins vegar að í samanburði við jafnaldra eru þessir nemendur miðlungs og yfir miðlungi öruggir með sig (Ross, 2003).

Börn sem eru gerendur eineltis eru líklegri til að vilja ráðskast með aðra, beita hótunum og valdi til þess að ná fram vilja sínum og hafa jákvæðara viðhorf á ofbeldi en aðrir nemendur. Strákar sem leggja aðra í einelti eru oft sterkbyggðari en þolendur þeirra og einstaklingar almennt. Gerendur eineltis eru einnig oft hvatvísir, óþolinmóðir, eiga erfitt með að fara eftir reglum og eru fljótir að reiðast. Börn sem leggja aðra í einelti eru einnig mjög fær í að tala sig úr erfiðum aðstæðum (Menntamálaráðuneytið o.fl., 2002).

Fræðimenn hafa fundið sérstök atriði sem einkenna börn sem leggja önnur börn í einelti. Börn sem eru gerendur eineltis reyna meðal annars að ná stjórn með líkamlegum meiðingum og hótunum, hafa litla samúð með vandamálum fórnarlambins, eru reið og

hefnigjörn og búa við ferringu meðal jafningahópa. Gerendur eineltis eru líklegri en aðrir að hafa verið í kringum ofbeldisfulla hegðun og eru líkleg til að hafa samskipti við ofbeldisfulla hópa. Þessi börn einbeita sér einnig frekar að neikvæðum hugsunum, eru með þráhyggjuhegðun og eru stíf í samskiptum sínum við aðra. Börn sem leggja aðra í einelti eiga oft foreldra sem eru lélegar fyrirmyndir þegar kemur að því að eiga í samskiptum við aðra eða við úrvinnslu vandamála. Gerendur eineltis lifa oft við fáar reglur á heimilinu sem foreldrar fara jafnvel ekki eftir þegar á reynir, hafa fleiri fjölskylduvandamál en börn almennt, búa við líkamlegt eða andlegt ofbeldi heima og foreldrar vita oft á tíðum ekki hvar börnin eru staðsett (Hazler o.fl., 1997).

Einelti er oft á tíðum hópþyrirbæri þar sem nokkrir nemendur taka þátt í eineltinu. Tveir algengir hópar myndast oft þegar um einelti er að ræða. Fyrri hópurinn kallast klapplið en þar eru einstaklingar sem taka þátt í eineltinu en eiga yfirleitt ekki frumkvæði af því. Seinni hópurinn verður til af félagslegum smitum. Það er þegar einstaklingar taka þátt í eineltinu vegna þess að stjórnandi eineltisins er vinsæll meðal jafningja og börnin sem smitast eru oft þau sem eru óörugg með sjálfan sig og vilja jafnvel verða vinsæl sjálf (Olweus, 2006).

3.1.3 Áhorfendur

Rannsóknir sýna fram á að stór hluti barna á grunnskólaaldri eru óvirkir gerendur. Það þýðir að einstaklingurinn skiptir sér ekki af eða grípur ekki inn í eineltið og finnst það ekki koma honum við (Menntamálaráðuneytið o.fl., 2002).

Stærsti hluti barna á grunnskólaaldri eru hvorki gerendur eða þolendur en eru vitni að eineltinu. Þessi börn geta einnig upplifað mikil átök. Ef börnin styðja gerandann eru þau að taka þátt í eineltinu en ef þau styðja fórnarlambið geta þau orðið í skotlínunni. Þessi átök geta leitt til þess að þau verði sorgmædd, reið og fá sektarkennd (Lawrance og Adams, 2006).

Þegar kennarar eða aðrir skólastarfsmenn reyna ekki að koma í veg fyrir eineltið fær gerandinn nokkurs konar umbun fyrir verknaðinn sem getur orðið til þess að aukning verður á ofbeldisfullri hegðun hjá hlutlausum nemendum og þeir verða því gerendur (Olweus, 2006).

Þolendur, gerendur og áhorfendur eru helstu þátttakendur eineltis en til þess að stöðva það þurfa þessir aðilar að gera sér grein fyrir helstu afleiðingum eineltis.

3.2 Afleiðingar eineltis

Í þessum kafla verður fjallað um afleiðingar eineltis þar sem lögð er áhersla á skammtíma- og langtíma afleiðingar ásamt afleiðingum á gerendum.

Líkt og annað ofbeldi gerir einelti það að verkum að fórnarlambið missir smátt og smátt allan þrótt, lífsvilja og gleði ásamt því að kenna sér sjálfu um hvernig aðstæður eru. Fórnalömb eineltis verða einnig oft einmana í skólanum og eru óvinsælir meðal jafningja. Sjálfsmynd þeirra er léleg en þeir líta oft á sig sem heimska, mislukkaða og óaðlaðandi einstaklinga (Vanderbilt og Augustyn, 2010). Fórnalömb eineltis eiga einnig oft erfitt með að segja frá eineltinu vegna hræðslu við að upplifa skömm og niðurlægingu vegna þessa (Þórhildur Líndal, 2003).

Flestir sem hafa lent í einelti á sinni skólagöngu komast frá þeim hörmungum óskemmdir. Það fer eftir þeim stuðningi og hjálp sem einstaklingurinn fær á meðan á eineltinu stendur og eftir það. Endurtekið einelti getur hins vegar haft slæmar afleiðingar fyrir þann sem fyrir því verður (Ross, 2003).

3.2.1 Skammtíma afleiðingar þolenda

Einelti getur haft mismunandi áhrif á líf einstaklinga. Einstaklingur sem er þolandi eineltis er mjög vansæll og getur það orðið nánast óbærilegt fyrir hann að vera í skólanum. Einstaklingurinn getur jafnvel farið að ásaka sjálfan sig fyrir því að vera lagður í einelti, finnst hann vera á einhvern hátt að bjóða upp á þetta og að hann eigi þetta skilið (Ross, 2003; Sharp og Smith, 2000).

Fórnalömb eineltis geta upplifað erfiðleika á mörgum sviðum meðan á einelti stendur og eftir það. Margir þolendur eineltis finna fyrir streitutengdum einkennum líkt og að fá martraðir, höfuðverk, magaverk og kvíðaköst. Sum börn þora ekki að fara út af heimilinu og mæta ekki í skólann til að forðast eineltið (Sharp og Smith, 2000). Þolendur eineltis eiga það einnig oft til að forðast leiðir sem gerandinn gæti mögulega verið staddur á. Þetta getur gert það að verkum að þolandinn missir af reynslu í samskiptum sem er lykilatriði hvað varðar félagslegan þroska barnsins og barnið missir líka af tækifærum til að eignast vini eða að halda í við vini sína (Ross, 2003). Staða þessara barna versnar oft því lengur sem eineltið á sér stað. Stöðug veikindi líkt og magaverkir eru eitt af skammtíma afleiðingum eineltis og sum börn eiga það til að hlaupast á brott vegna eineltisins. (Ross, 2003).

Hugó Þórisson (2003), sálfræðingur, segir að börn sem eru fórnarlömb eineltis geti fundið fyrir depurð, uppgjöf, svartsýni, þreytu, vonleysi, einangrun, áhugaleysi og kvíði því jafnvel að mæta í skólann á morgnana. Sjálfsmynd og félagsleg tengsl fórnalamba eineltis skaddast og börnin eru oft óörugg og hrædd við höfnun meðal jafningja. Hugó segir einnig að fórnalömb eineltis einangri sig jafnvel frá mögulegum áföllum og að þau verði uppteknari af því að sleppa við einelti en árangur í skólanum (Hugó Þórisson, 2003). Þau verða því oft með lakari námsárangur en önnur börn sem ekki eru fórnalömb eineltis (Vanderbilt og Augustyn, 2010).

3.2.2 Langtíma afleiðingar þolenda

Einelti getur haft slæm áhrif á þroska og æsku þeirra sem fyrir því verða verða. Þar sem börn hafa litla getu til þess að verja sig, samanborið við fullorðna, geta hvaða eineltis árásir sem er haft langvarandi áhrif á heilsu og þroska einstaklingsins fram á fullorðinsaldur (Paguero, 2009). Einstaklingar sem orðið hafa fyrir einelti í æsku fá einnig líklega aldrei bætur vegna þess (Þórhildur Líndal, 2003).

Rannsókn var gerð af Vanderbilt og Augustyn (2010) en markmið þeirra var að skoða afleiðingar eineltis. Niðurstöður sýndu að sumir sem verða fyrir einelti geta misst það mikið af stjálfstrausti sínu og sjálfsáliti að þegar þau koma á fullorðinsárin verður félagsfærni þeirra sködduð. Einnig kom í ljós að höfnun meðal jafningja á skólaaldri eykur líkur á erfiðleikum á fullorðinsárum líkt og þunglyndi eða léleg líkamleg heilsa.

Dr. Dan Olweus (1993) gerði langtímarannsókn á tveimur hópum drengja í sjötta til níunda bekk frá Svíðþjóð. Annar hópurinn samanstóð af drengjum sem höfðu verið fórnalömb eineltis og hinn hópurinn af drengjum sem ekki höfðu verið fórnalömb eineltis. Niðurstöður Olweusar sýndu fram á að fyrrverandi fórnalömb eineltis voru „venjuleg“ á marga vegu. Hann tengdi þessar niðurstöður við þá staðreynd að þegar einstaklingarnir komast á fullorðinsaldur þá hafa þeir frelsi til þess að velja sitt félagslega umhverfi en sem börn hafa þeir ekki þetta frelsi. Ein niðurstaða sýndi hins vegar að drengir sem höfðu verið fórnalömb eineltis í skóla höfðu minna sjálfstraust á fullorðinsaldri og voru líklegri til að glíma við þunglyndi heldur en þeir sem ekki voru fórnalömb eineltis (Olweus, 1993).

Rannsókn var gerð í Sviss af Averdijk, Müller, Eisner og Ribeaud (2011) á börnum á aldrinum átta og ellefu ára. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að því alvarlegra

og fjölbreyttara sem eineltið var gegn átta ára þolandanum, því meiri kvíða og þunglyndi upplifði barnið þegar það varð ellefu ára. Niðurstöður sýndu meðal annars að miklar líkur eru á því að barn sem verður fyrir einelti beri einkenni um þunglyndi á meðan á því stendur, og jafnvel nokkrum árum síðar.

Ef enginn styður við einstakling sem verður fyrir langvarandi einelti getur þolandinn ekki bara orðið fyrir því að bera merki um það alla ævi, heldur getur hann jafnvel bundið enda á líf sitt vegna þessa. Eftir langvarandi einelti geta hugleiðingar um sjálfsmorð gert vart við sig og til eru dæmi um að fórnalömb eineltis svipti sig lífi (Þórhildur Línadal, 2003). Því miður eru of mörg börn og fullorðnir í þessum hugleiðingum en sjálfsmorð er ein skelfilegasta afleiðing eineltis (Þórhildur Línadal, 2003). Hugó Þórisson (2003) bendir á að félagsleg einangrun er einn áhættuþáttur hvað varðar sjálfsvíg ungs fólks. Þolendur eru hins vegar ekki þeir einu sem verða fyrir afleiðingum eineltis.

3.2.3 Afleiðingar gerenda

Til þess að gerendur eineltis haldi ekki áfram að leggja aðra í einelti er nausynlegt að grípa til viðeigandi ráða og stoppa hegðunina. Gerendur eru mun líklegri en aðrir til þess að stunda einhvers konar glæpsamlegt athæfi og sýna af sér andfélagslega hegðun á fullorðinsárum. Mikilvægt er því að grípa inn í nógu snemma og koma í veg fyrir að ofbeldi og valdabeiting verði eitt aðal samskiptaform þessara einstaklinga (Ross, 2003; Sharp og Smith; 2000).

Gerandinn sjálfur er yfirleitt sá sem verður fyrir mesta skaðanum af eineltinu. Afleiðingar eineltis fyrir gerendur verða augljósari með tímanum þar sem hegðun þeirra getur haft áhrif á samskipti við vini og fjölskyldu, skólagöngu og atvinnu í framtíðinni. Gerendur eineltis þróa gjarnan með sér andfélagslegt háttarni á fullorðinsárum og eru líklegri til að beita aðra ofbeldi ásamt því að fremja glæpi fá þeir ekki aðstoð við að breyta sinni hegðun (Ttofi, Farrington og Friedrich, 2012; Þórhildur Línadal, 2003).

Afleiðingar eineltis geta því varað í stuttan tíma líkt og á meðan eineltinu stendur eða fram á fullorðinsaldur. Úrræði sem foreldrar og skólar geta nýtt sér eru því mikilvægt til að koma í veg fyrir þessara afleiðingar.

3.3 Úrræði

Í þessum kafla verður gert grein fyrir úrræðum gegn einelti. Fjallað verður um bæði úrræði sem foreldrar og grunnskólar geta nýtt sér.

3.3.1 Úrræði foreldra

Ef foreldri grunar að barnið sitt sé þolandi eða gerandi eineltis er mikilvægt að byrja á að ræða við barnið (Þorlákur H. Helgason, 2009). Ef grunur er enn til staðar eftir samtalið skiptir miklu máli að hafa samband við umsjónarkennara, skólustjóra, sálfræðing eða skólafélagsráðgjafa. Þegar liggur fyrir að um einelti er að ræða þurfa heimili og skóli að gera áætlun í sameiningu um hvernig eigi að stöðva eineltið. Skólinn ber hins vegar aðalábyrgð á frumkvæði og skipulagningu þegar við kemur einelti í skólum. Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að skólinn eigi að sjá til þess að barnið verði öruggt í skólanum þar sem skólinn komi í raun stað foreldra á skólatíma (Olweus, 2003).

Börn á grunnskólaaldri sem eru þolendur eineltis eru óöruggir að upplagi, hafa lélega sjálfsmynd og fáa vini og er því upplagt fyrir foreldra að hjálpa sínu barni að aðlagast bæði innan skólans og utan þess (Vanderbilt og Augustyn, 2010). Foreldrar sem eiga börn sem eru fórnalömb eineltis geta hjálpað barninu með því að efla sjálfsmynd barnsins og draga fram jákvæða eiginleika sem það býr yfir. Með því að láta barnið byrja í tómstundastarfi líkt og íþróttum eða tónlist kemst það í samband við aðra jafnaldra. Þar sem einangruð börn eiga oft í erfitt með að mynda tengsl er gott að fá barnið til að mynda tengsl við rólegan einstakling, annað hvort í bekknum eða utan hans og bjóða honum jafnvel heim. Mikilvægt er fyrir foreldrana að styðja barnið við að mynda ný tengsl við aðra og hvetja þau til að stunda sín áhugamál. Ef ögrandi þolandi eineltis glímir við hegðunarvanda líkt og ofvirkni gæti verið gagnlegt að fá utanaðkomandi aðstoð frá sérfræðingi sem sérhæfir sig á því sviði (Olweus, 2003).

Rannsóknir Dan Olweusar (2006) hafa sýnt að ofbeldisfull hegðun þróast þar sem notaðar eru uppeldisaðferðir sem byggðar eru á eftirlátssemi og valdboði ásamt skorti á umhyggju og ástúð líkt og komið hefur fram. Foreldrar gerenda geta í fyrsta lagi tekið þátt í samstarfi við foreldra þolanda eineltis og skólann. Í öðru lagi verður að gera barninu ljóst að litið er á eineltið alvarlegum augum og brugðist verður við eineltinu á sama neikvæða hátt og skólinn gerir. Með þessu eru meiri líkur á að gerandinn breyti hegðun sinni. Foreldrar geta í samráði við barnið sett nokkrar reglur um samskipti sem

eigi sér stað innan fjölskyldunnar. Fari barnið eftir settum reglum á að hrósa því en ef reglurnar eru brotnar er mikilvægt að neikvæðar afleiðingar eigi sér stað líkt og að barnið missi sína vasapeninga. Ef foreldrar verja meiri tíma með barninu sínu en áður getur skilningur orðið á hegðun barnsins og því finnst jafnvel auðveldara að breyta ofbeldisfullu hegðuninni. Hegðun gerenda getur batnað ef barnið tekur þátt í íþróttum. Þar gilda ákveðnar reglur sem gætu hjálpað barninu að beisla orkuna. Rannsóknir benda til þess að sjónvarpsefni sem inniheldur ofbeldi styrki að öllum líkindum árásgirni barna svo takmörkun á þess konar efni gæti haft jákvæð áhrif. (Olweus, 2003). Reglur sem skólar og foreldrar setja í sameiningu um hvað er við hæfi og hvað er ekki við hæfi á samfélagsmiðlum og þegar horft er á sjónvarp getur einnig hjálpað gerendum að minnka ofbeldisfullu hegðunina (Þorlákur H. Helgason, 2009).

3.3.2 Úrræði grunnskóla

Viðhorf, starfshefðir og framkoma starfsfólks skólans getur skipt máli varðandi hversu mikið einelti á sér stað í hverjum skóla eða bekk (Þorlákur H. Helgason, 2009).

Mikilvægt er að kanna einelti í skólum til þess að starfsfólk skóla geti unnið að úrræðum gegn einelti. Hægt er að kanna einelti í skólum með könnunum, líkt og spurningalistum eða með viðtölum. Niðurstöður slíkra mælinga sýna fram á hvar einelti er að eiga sér stað, eykur meðvitund starfsfólks, foreldra og nemenda á vandanum og gefur viðmið um hvort aðgerðir gegn einelti séu að bera árangur (Sharp og Smith, 2000).

Þegar um einelti er að ræða verður skólinn að upplýsa foreldra gerenda og þolenda um ástandið og reyna að mynda samstarf þeirra á milli. Best er ef umsjónarkennarinn skipuleggur fundinn þar sem nemendur sem koma málinu við og foreldrar þeirra eru viðstaddir. Helsta markmið fundarins er að ræða aðstæðurnar og gera aðgerðaráætlun til að bæta ástandið. Annað markmið er einnig að koma á góðu samstarfi við fjölskyldu gerenda og fá einstaklinga innan fjölskyldunnar til að beita jákvæðum áhrifum á barnið. Ef samstarf nærst ekki milli skóla og foreldra eiga foreldrar að vera upplýstir um þróun málsins allan tímann. Fundir eiga að vera reglulegir þar sem farið er yfir stöðu mála og fylgst er með hvort að gripið hefur verið til þeirra aðgerða sem ákveðið var að taka til. Reglulegir fundir aðstoða líka umsjónarkennara að koma að upplýsingum (Olweus, 2003).

Úrræði sem skólar geta nýtt sér er að tengja saman aðgerðir gegn einelti og nám nemenda. Með því er verið að vekja nemendur til umhugsunar um einelti og afleiðingar þess ásamt því að sporna við neikvæðum samskiptum nemenda og byggja upp jákvæðan skólaanda. Þegar aðgerðir gegn einelti og nám er tengt saman er hægt að nota svokallaða gæðahópa. Það eru hópar sem samanstanda af 5 til 12 nemendum sem hittast og ræða saman atriði sem bæta má við vinnuaðstæður þeirra. Með þessu gefst öllum tækifæri á að vinna úr vandanum og aðilar innan hópsins geta haft upplýsingar um einelti sem er að eiga sér stað innan skólans. Í gæðahópum eru nemendur að læra um eðli vandans og þróa jafnvel sjálfir leiðir gegn eineltinu (Sharp og Smith, 2000).

Margir grunnskólar hér á landi fara eftir Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli sem Dr. Dan Olweus (2006) stofnaði. Markmið eineltisáætlunarinnar er að hún verði hluti af hefðbundnu starfi kennara og annars starfsfólks með nemendum. Markmið áætlunarinnar er einnig að upplýsa starfsfólk skóla um góða bekkjastjórnun og fjalla á gagnrýninn hátt um samhengi bekkjarstjórnunar og eineltis.

Aðgerðaráætlunin gegn einelti og andfélagslegri hegðun inniheldur meðal annars aðgerðir í hverjum skóla. Þær aðgerðir sem skólar geta nýtt sér eru kannanir, sérstakur námsdagur um einelti, umræðuhópar til að auka við fræðslu nemenda og aukin gæsla í frímínútum. Hver bekkur innan skólans er svo með bekkjareglur gegn einelti og haldnir eru fastir bekkjafundir. Einnig eru haldnir fundir með foreldrum nemenda. Þegar upp koma atvik um einelti eru gerðar einstaklingsmiðaðar áætlanir. Í þeim er gert ráð fyrir viðtölum við foreldra nemenda sem að málinu standa, viðtöl við þolendur og gerendur eineltis. Kennarar og foreldrar eru einnig hvattir til að beita ímyndunaraflinu við úrvinnslu mála (Olweus, 2006).

Dan Olweus(2006) bendir á að mikilvægt sé að hafa ákveðna reglur gegn hegðun sem teljist óviðunandi og að neikvæð viðurlög séu þegar brot á reglum eigi sér stað. Olweus segir einnig mikilvægt að þeir fullorðnu í skólum og á heimilum komi þannig fram að þeir hafi yfirstjórnina en að fullorðnir notist ekki við valdaboð í samskiptum sínum við barn (Olweus, 2006).

Ragnar F. Ólafsson (2008) gerði mat á árangri af Olweusaráætlun gegn einelti en matið var gert á vegum Námsmatstofnunnar. Mælingar frá árinu 2005 til 2007 á einelti

benda ekki til þess að einelti hafi minnkað hjá skólum sem tóku þátt í Olweusaráætluninni á þessum þremur árum, heldur var það þveröfugt. Niðurstöður sýndu hins vegar fram á jákvæðari viðhorf til þolenda og skýrari viðbrögð við einelti. Þessar niðurstöður endurspeglar meiri vilja, getu og þor nemenda til þess að greina frá einelti sem þeir sjálfir verða fyrir eða sjá aðra verða fyrir. Þessar niðurstöður eru í töluverðri andstöðu við niðurstöður frá fyrstu árum áætlunarinnar, en þær sýndu fram á fækkun eineltismála. Olweusaráætlunin hefur virkað vel í öðrum löndum og því koma þessar niðurstöður á óvart. Þörf er á frekari mælingum hvað þetta varðar og athuga þarf hvernig framkvæmd verkefnisins gengur fyrir sig í hverjum skóla svo hugsanleg skekkja sé ekki vegna mismunandi framkvæmda sem leiði til mismunandi árangurs. Æskilegt væri að beita fleiri aðferðum líkt og vettvangsrannsóknum við mat á umfangi eineltis þar sem takmarkað er hægt að túlka spurningalista við mat á einelti (Ragnar F. Ólafsson, 2008).

Skólar sem bjóða upp á þjónustu skólafélagsráðgjafa geta staðið betur að vígi en aðrir skólar þegar um eineltismál er að ræða. Er það vegna þess að skólafélagsráðgjafar hafa umsjón með eineltismálum og framkvæmd eineltisáætlana í hverjum skóla. Helstu verkefni skólafélagsráðgjafa er að greina persónulegan vanda sem á sér stað og nýta snemmtæka íhlutun þegar við á. Skólafélagsráðgjafinn veitir einnig nemendum og foreldrum stuðning og ráðgjöf og er málsvari nemenda. Skólafélagsráðgjafi notar einnig heildarsýn til að tengja saman samfélag, heimili og skóla nemenda en aðal markmið hans er að hlúa að sálfélagslegri líðan nemenda. Í eineltisaðstæðum getur því skólafélagsráðgjafi nýst vel til að koma á samstarfi, veita ráðgjöf til aðila sem þurfa á því að halda og haldið utan um eineltismál í skólum (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2015).

Úrræði sem foreldrar og skólar geta nýtt sér eru því margþætt. Það mikilvægasta við vinnu eineltismála er hins vegar samvinna foreldra og skóla.

4 Börn með erlendan bakgrunn og innflytjendabörn

Í þessum kafla verður fjallað um stöðu barna með erlendan bakgrunn og innflytjendabarna í eineltismálum hér á landi. Greint verður frá muninum á milli einstaklinga með erlendan bakgrunn og innflytjenda. Fjallað verður einnig um fjölgun innflytjenda til landsins. Gerð verður grein fyrir íslenskum rannsóknum á stöðu barna með erlendan bakgrunn en vegna skorts á upplýsingum um stöðu innflytjendabarna hér á landi verður fjallað um stöðu þeirra á Norðurlöndunum. Í lokin verður fjallað um hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með einelti gegn börnum með erlendan bakgrunn.

4.1 Munur á einstaklingi með erlendan bakgrunn og innflytjenda

Umfjöllun um börn af erlendum uppruna í íslenskum skólum er flókin og umdeild þar sem um er að ræða samheiti yfir fjölbreyttan hóp barna. Í fræðilegu samhengi er hins vegar mikilvægt að skilgreina hvaða hópa og einstaklinga um ræðir (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Hagstofa Íslands skilgreinir innflytjendur og einstaklinga með erlendan bakgrunn á eftirfarandi hátt:

Með innflytjanda er átt við einstakling sem fæddur er erlendis og hverra foreldrar eru báðir fæddir erlendis sem og báðir afar og báðar ömmur. Annarar kynslóðar innflytjendur eru einstaklingar sem fæddir eru hér á landi en eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Einstaklingar hafa erlendan bakgrunn ef a.m.k annað foreldrið er fætt erlendis og að minnsta kosti einn afi eða amma (Hagstofa Íslands, e.d.-a)

Innflytjendabörn (e. immigrant children) eru börn innflytjenda sem hafa tiltölulega nýlega flutt til landsins og tilheyra hópi sem stundum hefur verið kallaður fyrsta kynslóð innflytjenda. Börn innflytjenda, þ.e. börn einstaklinga sem flutt hafa til landsins og eignast sín börn eftir að búseta á Íslandi hefur átt sér stað kallast önnur kynslóð innflytjenda (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Rannsóknir undanfarna áratugi hafa glímt við þann vanda að fjalla almennt um innflytjendur, hvort sem um er að ræða nýkomna, fyrstu kynslóðar innflytjendur, aðra kynslóð eða þriðju kynslóð og má segja að þetta sé aðferðafræðilegur galli að mörgu leyti. Rannsóknir á menntun innflytjenda hafa margar byggt á kenningarlegum alhæfingum og hafa bæði þessi sjónarhorn stutt þá nálgun að nauðsynlegt sé að skoða reynslu einstaklinga og fjölskyldna innflytjenda ásamt því að athuga það samfélagslega

umhverfi sem fjölskyldurnar flytja inn í. Til að bæta aðstæður innflytjenda þarf að huga að báðum þessum þáttum (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

4.2 Fjölgun innflytjenda

Innflytjendum hefur fjölgað á Norðurlöndunum síðustu ár og áratugi en stríð og pólitísk völd eru talin hafa mest áhrif. Svíþjóð var með stærsta hluta innflytjenda árið 2011 af öllum Norðurlöndunum en 13% íbúarfjölda voru innflytjendur. Innflytjendur á Íslandi voru um 10% íbúa en í Danmörku og Noregi voru það 8% og í Finnlandi 4% íbúa (Bjereld, Daneback og Petzold, 2014).

Tölur Hagstofu Íslands (e.d.-b) sýna að árið 2015 voru innflytjendur af fyrstu kynslóð á Íslandi 29.192 talsins og önnur kynslóð innflytjenda 3.846. Árið 2005 voru innflytjendur alls 13.033 og önnur kynslóð innflytjenda voru 960 (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Innflytjendum af fyrstu og annarri kynslóð hefur því fjölgað gríðarlega hér á landi á síðustu tíu árum sem út af fyrir sig eykur kröfur um að skoða aðstæður innflytjenda í íslensku samfélagi enn betur.

Mannfjöldi á Íslandi var 329.100 manns fyrsta janúar árið 2015 samkvæmt Hagstofu Íslands (e.d.-c). Innflytjendur af fyrstu kynslóð hafa því verið um 8,8% allra íbúa á Íslandi og önnur kynslóð innflytjenda hafa verið um 1,2% allra íbúa landsins árið 2015.

4.3 Rannsóknir

Flest innflytjendabörn tala og klæðast öðruvísi en þau innfæddu en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á einelti gegn innflytjendabörnum á mótí innfæddum. Rannsóknir á einelti gegn innflytjendabörnum á mótí innfæddum koma flestar frá Norður Ameríku og Evrópu og hafa þær sýnt fram á mismunandi niðurstöður (Bjereld, Daneback og Petzold, 2014; Fandrem, Strohmeier og Roland, 2009).

Rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á jaðarstöðu innflytjendabarna í skólum á öllum stigum skólakerfisins víða um heim. Með jaðarstöðu er átt við börn sem lenda utanveltu, ná ekki góðri fótfestu, gengur illa í námi og félagslega. Undantekning er þó á þessu þar sem mörgum innflytjendabörnum gengur vel á þessum sviðum (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Til þess að draga fram sérstöðu íslenskra aðstæðna eru rannsóknir á aðstæðum innflytjendabarna hér á landi nauðsynlegar ásamt því að bera saman hvað líkt sé með þeim niðurstöðum og niðurstöðum annarra landa (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

4.3.1 Rannsóknir innflytjendabarna á Norðurlöndum

Háskólar frá Turku í Finnlandi og Stavanger í Noregi gerðu rannsókn á börnum á aldrinum 9 til 12 ára í Finnlandi. Megin tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvort munur væri á innfæddum Finnum og innflytjendabörnum, af fyrstu og annarri kynslóð hvað varðar einelti meðal jafningja. Niðurstöður sýndu fram á að fyrstu kynslóðar innflytjendabörn í Finnlandi á aldrinum 9 til 12 ára voru í meira mæli þolendur eineltis heldur en innfæddir jafnaldrar þeirra. Bæði innflytjendabörn af fyrstu og annarri kynslóð forðuðust meira félagslegar aðstæður og aðstæður sem valda streitu heldur en innfæddir. Niðurstöður sýndu einnig að fyrstu kynslóðar innflytjendabörn skoruðu hærra en önnur kynslóð innflytjendabarna og innfæddra hvað varðar höfnun meðal jafningja og áttu færri vini. Bæði innflytjendabörn af fyrstu- og annarri kynslóð urðu meira fyrir líkamlegu ofbeldi heldur en innfæddir í Finnlandi (Strohmeier, Kärnä og Salmivalli, 2011).

Rannsókn var gerð á börnum í 8. 9. og 10. bekk í grunnskólum í Noregi. Markmið rannsóknarinnar var að skoða í hversu miklu mæli innflytjendur á móti innfæddum í Noregi séu gerendur eða þolendur eineltis ásamt því að mæla ofbeldishegðun þessara hópa. Niðurstöður sýndu að innflytjendur voru líklegri til að leggja aðra í einelti en innfæddir. Hvorki innflytjendur né innfæddir voru líklegri til að verða fyrir einelti og enginn marktækur munur var á ofbeldisfullri hegðun milli þessa tveggja hópa (Fadrem, Strohmeier og Roland, 2009).

Rannsókn var gerð af Bjereld, Daneback og Petzold (2014) en gögnum var safnað árin 1996 og 2011. Áherslur rannsóknarinnar beindust að börnum á aldrinum 7 til 13 ára, eða börnum á svokölluðum grunnskólaaldri. Foreldrar þessara barna svöruðu spurningalistum og voru mæður í flestum tilvikum þær sem svöruðu könnuninni. Niðurstöður sýndu fram á að árið 1996 var mikill munur á tíðni eineltis hjá innflytjendabörnum og innfæddum í Noregi og Svíþjóð. Árið 2011 var hins vegar munur á tíðni eineltis milli innflytjenda og innfæddra mikill á öllum Norðurlöndunum. Niðurstöður sýndu að foreldrar innflytjendabarna voru líklegri til að tilkynna um einelti gegn börnum sínum heldur en foreldrar innfæddra barna á öllum Norðurlöndunum bæði árin 1996 og 2011. Á öllum Norðurlöndunum voru líkurnar meiri á að innflytjendabörn yrðu fyrir einelti árið 2011 heldur en árið 1996 (Bjereld, Daneback og Petzold, 2014).

4.3.2 Íslenskar rannsóknir á börnum með erlendan bakgrunn

Árið 2009 var lögð fyrir könnun í grunnskólum landsins þar sem 122 skólar tóku þátt. Stjórnendur skólanna fengu kynningu um efni könnunar þar sem beðið var um að senda rannsakendum netfang þeirra sem þekktu best til málanna og höfðu kost á að svara könnuninni fyrir hönd skólans. Megin tilgangur könnunarinnar var að safna upplýsingum um þá vinnu sem unnin er í skólum með nemendum sem hafa ekki íslensku að móðurmáli og veita þar með sérfræðingum möguleika á að nýta niðurstöður könnunar til að auka við þjónustu í sínum skólum (Hulda Karen Daníelsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, 2010).

Í könnuninni kom meðal annars fram að nemendur með íslensku sem annað tungumál verða frekar fyrir fordómum eða eru afskiptir, samanborið við aðra nemendur innan skólanna. Fjórðungur þátttakenda taldi að nemendur með íslensku sem annað tungumál verði í meira mæli fyrir fordómum og 30% þátttakenda taldi þá vera í meira mæli afskipt. Af þátttakendum voru 21% sem töldu að nemendur með íslensku sem annað tungumál verði í meira mæli fyrir höfnun og 7,5% einelti (Hulda Karen Daníelsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, 2010).

Alþjóðlega rannsóknin Heilsa og Lífskjör skólanema var gerð í fyrsta skipti hér á landi árið 2006. Nemendur í 6., 8. og 10. bekk svöruðu spurningalistum. Niðurstöður sýndu fram á að unglingar af erlendum uppruna eiga á margan hátt erfiðara uppdráttar en íslenskir unglingar. Í þessum samanburði stóðu unglingar þar sem töluð voru önnur tungumál en íslensku sig sérstaklega illa að vígi. Þeir voru líklegri til þess að stunda kynlíf og neyta vímuefna ásamt því að nemendur sem höfðu annað móðurmál en íslensku voru líklegri til að verða fyrir einelti en þeir sem höfðu íslensku að móðurmáli. Virðist sem svo að slök félagsleg tengsl við aðra nemendur og líðan nemenda tengist tungumálaörðugleikum (Þóroddur Bjarnasson, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006).

Könnun sem gerð var af Rannsókn og greiningu árið 2003 sýnir fram á að viðhorf nemenda í 9. og 10. bekk á Íslandi til nýbúa er misjafnt eftir því hvort að þátttakendur eru gerendur eða þolendur eineltis. Niðurstöður gefa til kynna að nemendur sem hafa þurft að þola einelti síðastliðna 12 mánuði árið 2003 voru með heldur jákvæðari viðhorf til nýbúa eða um 53% þeirra, en þeir sem ekki hafa þurft að þola einelti síðastliðna 12 mánuði en 44% þeirra voru með jákvætt viðhorf til nýbúa (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir,

Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon, 2005). Talsverður munur er á viðhorfi til nýbúa milli þeirra sem hafa tekið þátt í stríðni eða einelti síðastliðna 12 mánuði og þeirra sem ekki hafa tekið þátt í því. Þeir sem tekið hafa þátt í að leggja í einelti/stríða öðrum síðastliðna 12 mánuði eru um 37% þeirra jákvæðir í garð nýbúa en 45% þeirra neikvæðir. Þeir sem ekki hafa tekið þátt í einelti/stríðni eru um 49% þeirra jákvæðir í garð nýbúa en um 29% þeirra neikvæðir (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon, 2005).

Niðurstöður þessara rannsóknar sýna því að þeir sem hafa orðið fyrir einelti/stríðni síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðari í garð nýbúa en þeir sem ekki hafa lent í slíku. Einnig eru þeir sem hafa tekið þátt í einelti/stríðni á síðustu 12 mánuðum neikvæðari í garð nýbúa heldur en þeir sem ekki hafa tekið þátt í slíku. Niðurstöður sem þessar ættu ekki að koma á óvart en þeir sem leggja aðra í einelti eru almennt taldir hafa neikvæðari viðhorf gagnvart fólki almennt en þeir sem ekki stríða öðrum eða leggja aðra í einelti (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon, 2005). Athugavert er hins vegar að sjá að þolendur eineltis eru með jákvæðara viðhorf til nýbúa en þeir sem ekki eru þolendur eineltis.

Hanna Ragnarsdóttir (2007) gerði rannsókn á reynslu og stöðu tíu innflytjendafjölskyldna á Íslandi árin 2002-2005. Niðurstöður leiddu meðal annars í ljós að í grunnskólum væri tilhneiging til að aðgreina innflytjendabörn í byrjun og kenna þeim að einhverju leyti í sérstökum deildum, sem getur reynst þeim erfitt þegar líður á, þar sem þau eigi minni samskipti við jafnaldra sína af íslenskum uppruna og geta átt erfitt með að tengjast þeim síðar. Blair (1998) segir að með því að flokka nýbúa eða innflytjendur í einhvers konar hópa geti það leitt til þess að börnin falli í jaðarstöðu og verði fyrir einangrun.

Þessar niðurstöður á einelti gegn börnum með erlendan bakgrunn gefa til kynna að þessi börn eru líklegri til að verða fórnalömb eineltis en íslensk börn. Þar sem lítið er til um stöðu innflytjendabarna á mótí innfæddum þegar kemur að einelti á Íslandi eru rannsóknir gegn börnum af erlendum uppruna það sem kemst því næst þó að sá hópur sé mun stærri. Það er því þörf á frekari rannsóknum sem beinast að innflytjendabörnum sérstaklega, til þess að skoða stöðu þeirra betur hér á landi.

4.3.3 Hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með börnum með erlendan bakgrunn og fjölskyldum þeirra.

Rannsóknir á reynslu einstaklinga, ekki síst ferli aðlögunar á nýju samfélagi eru mjög þýðingamiklar þar sem engar töfralausnir eru til sem virka í öllum tilvikum, fyrir alla skóla, allar fjölskyldur og öll börn (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Til þess að koma á góðu samstarfi milli foreldra og skóla er mikilvægt að starfsmenn skóla setji sig í spor foreldra og reyni að sjá hlutina með þeirra augum. Samstarf skóla og foreldra er besta leiðin til þess að efla nemendur námslega og félagslega og er því mikilvægt að hefja samstarf sem fyrst. Til þess að vinna inn traust verður starfsfólk að sýna foreldrum virðingu, ræða viðhorf sín og viðurkenna að aðrar skoðanir geti átt rétt á sér. Gildismat og hugmyndir skóla og foreldra geta stangast á, en samskipti milli aðila innan hópsins gefa góða leið til að komast að niðurstöðu (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010).

Baumann (2003) bendir á að mikilvægt sé að alhæfa ekki um þarfir stórra hópa og skilgreina sameiginlegar þarfir þeirra. Hins vegar sé mikilvægt að hafa grundvallarhugmyndir um mismunandi menningu sem byggja má á þegar unnið er með fjölskyldum af erlendum uppruna. Þekking þarf hins vegar að vera á því að byrja þar sem barnið er statt og vinna svo út frá því. Myers (1995) bendir á að gott er fyrir fulltrúa skólans að kynna sér stöðu hvernar fjölskyldu, sögu hennar, grundvallargildi, væntingar hennar til skólans og hugmyndir þeirra um menntun. Þegar stofna á til samskipta við fjölskyldur nýtast ekki sömu viðmið og áætlanir fyrir alla þar sem reynsla hvernar fjölskyldu er einstök.

5 Niðurstöður og umræða

Rannsóknarspurningar sem lagt var upp með voru: Hvað er einelti? Hverjar eru helstu afleiðingar eineltis? Hvaða úrræði geta foreldrar og skólar nýtt sér? Hver er staða innflytjendabarna og barna með erlendan bakgrunn í eineltismálum hér á landi og hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með þeim og fjölskyldum þeirra? Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum, þær ræddar í ljósi fyrri rannsókna og kenninga og dregnar af þeim ályktanir.

Í upphafi ritgerðar var farið yfir helstu skilgreiningar fræðimanna á einelti. Flest allar skilgreiningarnar ganga í megin dráttum út á það að einstaklingur er tekinn fyrir og áreittur líkamlega eða andlega af einum eða fleiri yfir einhvern tíma (Lodge og Frydenberg, 2005; Olweus, 2006; Sharp og Smith, 2000; Smith og Thompson, 1991). Vegna framfara í rannsóknum á þessu sviði hafa fræðimenn hins vegar uppgötvað að eitt atvik af rafrænu einelti getur verið skaðandi fyrir fórnalambið (Slonje og Smith, 2008). Polandi, gerandi og áhorfandi eru helstu þátttakendur eineltis. Einkenni polanda passa að vissu leyti við þroskastig Eriksons en hann bendir á að ef barn nær ekki að leysa tiltekið verkefni á ákveðnu stigi mun það geta haft áhrif á líf barnsins í framtíðinni, líkt og að mynda ný tengsl (Ciccarelli og White, 2012). Líkt og í mörgu öðru geta foreldrar haft áhrif á hvort barnið þeirra verði gerandi eineltis eða ekki. Ef foreldrar notast við valdabeitingu í uppeldi barna sinna getur það leitt til aukinnar ofbeldishegðunar hjá því barni (Olweus, 2003). Passar það við Herminámskenningu Albert Bandura en hún gengur út á það að barn lærir hegðun með því að fylgjast með öðrum framkvæma hegðunina (Bee og Boyd, 2010). Í tilfelli gerenda geta foreldrarnir sýnt af sér valdaboðandi hegðun sem barnið lærir og endurtekur síðan þá hegðun við fórnalömb sín. Stærsti hluti nemenda eru hins vegar áhorfendur en mikil innri átök gagnvart polendum og gerendum gerir það að verkum að áhorfendur segja oft ekki frá eineltinu. Félagssfærni einstaklinga innan þessara hópa skiptir einnig máli þegar um einelti er að ræða en góð félagssfærni stuðlar að góðum samskiptum (Reykjavíkurborg, 2008).

Einelti barna getur haft alvarlegar afleiðingar. Bæði skammtíma- (Valderbilt og Augustyn, 2010) og langtíma afleiðingar (Averdijk o.fl., 2011; Olweus, 1993; Paguero, 2009; Ttofi o.fl., 2012) eru alvarlegar þar sem einstaklingur er að upplifa vanlíðan að einhverju tagi. Hvort sem þessi vanlíðan er á meðan á eineltinu stendur eða fram á fullorðinsaldur á alltaf að líta á

hegðunina sem skaðlega gagnvart einstaklingnum. Það er því mikilvægt að bæði foreldrar og skólar nýti sér úrræði gegn einelti til að koma í veg fyrir þessar afleiðingar eineltis.

Til þess að vinna gegn einelti er lykilatriði að koma á samstarfi við alla þá sem koma málinu við, þá aðallega foreldra gerenda og foreldra þolenda og koma á aðgerðaráætlun til þess að bæta ástandið. Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 eiga grunnskólar að hafa heildstæða stefnu um hvernig á að koma í veg fyrir ofbeldi og gera áætlun um hvernig bregðast eigi við einelti og félagslegri einangrun. Úrræði sem grunnskólar hafa einna helst nýtt sér hér á landi eru meðal annars Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegu atferli (Olweus, 2006) og þjónusta skólarfélagsráðgjafa (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2015).

Vegna fjölgunar innflytjendabarna til landsins (Hagstofa Íslands, e.d. -a; Hagstofa Íslands, e.d. -b) er mikilvægt að skoða stöðu þeirra í eineltismálum. Hins vegar eru litlar upplýsingar til um þennan hóp og rannsóknir hér á landi hafa fjallað um börn með erlendan bakgrunn en ekki innflytjendabörn sérstaklega. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á stöðu innflytjendabarna í eineltismálum hér á landi svo lítið er hægt að álykta um stöðu þeirra. Hins vegar er hægt að líta á stöðuna á Norðurlöndunum en ekkert bendir til þess að þær niðurstöður séu að einhverju öðruvísi. Rannsóknir á Norðurlöndunum sýna að yngri innflytjendabörn á grunnskólaaldri eru líklegri fórnarlömb eineltis en innfæddir jafnaldrar þeirra (Bjereld o.fl., 2014; Strohmeier o.fl., 2011). Hins vegar eru innflytjendabörn á aldrinum 13 til 15 ára í jafn miklu mæli fórnarlömb eineltis og innfæddir (Fadrem o.fl., 2009). Niðurstöður sem þessar gera það að verkum að skoða þarf af hverju munur sé á milli þessara aldurshópa og út frá því vinna að úrræðum til að minnka eineltið hjá yngri hópnum. Fleiri rannsóknir á stöðu innflytjendabarna í eineltisaðstæðum á Íslandi eru mikilvægar út frá þessum niðurstöðum til að vita hvort ástandið sé eins hér á landi.

Rannsóknir sýna að börn með erlendan bakgrunn hér á landi eru líklegri fórnarlömb eineltis en íslensk börn (Hulda Karen Daníelsdóttir o.fl., 2010; Þóroddur Bjarnasson o.fl., 2006). Margar ástæður geta staðið þar að baki enda er um að ræða fjölbreyttan hóp einstaklinga. Til þess að bæta aðstæður þessara barna í eineltisaðstæðum á Íslandi er nauðsynlegt að koma á góðu samstarfi milli foreldra og skóla. Nauðsynlegt er einnig að starfsfólk skóla alhæfi ekki um stóra hópa og kynni sér bakgrunn fjölskyldunnar sem unnið er með (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010).

Í ljósi þessara niðurstaðna er mikil þörf á rannsóknum á stöðu innflytjendabarna í eineltisaðstæðum hér á landi. Með því að flokka öll börn með erlendan bakgrunn saman í rannsóknum er ekki gefin nægilega skýr mynd á stöðunni fyrir þessi börn þar sem bakgrunnur þeirra er ólíkur. Vegna afleiðinga sem einelti getur haft á einstaklinginn er nauðsynlegt að allir aðilar vinni saman að úrræðum fyrir börn sem koma að eineltismálum.

Bylgja Sigmarsdóttir

Heimildaskrá

- Averdijk, M., Müller, B., Eisner, M. og Ribeaud, D. (2011). Bullying victimization and later anxiety and depression among pre-adolescents in Switzerland. [rafræn útgáfa]. *Journal of Aggression, Conflict and Peace Research*, 3, 103-109.
- Ball, H. A., Arseneault, L., Taylor, A., Maughan, B., Caspi, A. og Moffitt, T. E. (2008). Genetic and environmental influences on victims, bullies and bullyvictims in childhood [rafræn útgáfa]. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 49, 104-112.
- Baumann, G. (2003). *Contesting culture: Discourses of identity in multi-ethnic London*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bee, H. og Boyd, D. (2010). *The developing child*. (12. útgáfa). Boston: Pearson.
- Bjereld, Y., Daneback, K. og Petzold, M. (2014). Differences in prevalence of bullying victimization between native and immigrant children in the Nordic countries: a parent-reported serial cross-sectional study. [rafræn útgáfa]. *Child: care, health and development*, 41, 593-599.
- Blair, M. (1998). The myth of neutrality in educational research. Í P. Connolly og B. Troyna (ritstjórar), *Researching Racism in education. Politics, theory and practice* (bls. 12-20). Buckingham og Philadelphia: Open University Press.
- Ciccarelli, S. K. og White, J. N. (2012). *Psychology: an exploration*. Bandaríkin: Pearson.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Fjölskyldur í fjölmenningsamfélagi og samstarf skóla og heimila. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 257-285). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Fandrem, H., Strohmeier, D. & Roland, E. (2009). Bullying and victimization among native and immigrant adolescents in Norway. The role of proactive and reactive aggressiveness [rafræn útgáfa]. *The Journal of Early Adolescence*, 29, 898-923.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (2015). *Hvers vegna skólafélagsráðgjafa inn í grunn- og framhaldsskóla?* Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.
- Guðjón Ólafsson. (1996). *Einelti*. Reykjavík: Hf. Uppi.
- Hagstofa Íslands. (e.d. -a). *Mannfjöldi eftir talningasvæðum, erlendum bakgrunni og kyni*. 31. des. 2011. Sótt 24. febrúar 2016 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__manntal__1manntalfjolsk/CEN05080.px/table/tableViewLayout1/?rxid=32e20bbd-566a-4b31-87c2-19b73a80bc19.
- Hagstofa Íslands. (e.d. -b). *Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni, aldri og ríkisfangi 1996-2015*. Sótt 24. febrúar 2016 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px/.

Hagstofa Íslands. (e.d.-c). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2015*. Sótt 24. febrúar 2016 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit/MAN00000.px/?rxid=fdf6df45-b3e2-4389-8578-997a4321d845.

Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 249-271). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hazler, R. J., Carney, J. V., Green, S., Powell, R., og Jolly, L. S. (1997). Areas of expert agreement on identification of school bullies and victims. *School Psychology International*, 18, 3-12: Sage Publications.

Helga Margrét Guðmundsdóttir. (e.d). *Rafrænt einelti*. Sótt 10. apríl 2016 af http://www.heimiliogskoli.is/media/files/1255963384/Helga_-_Rafrænt_einelti_AB.pdf.

Hugó Þórisson. (2003). Það er svo sárt að hata. Í Svava Jónsdóttir (ritstjóri), *Hið þögla stríð-einelti á Íslandi* (bls. 41-47). Reykjavík: Salka.

Hulda Karen Daníelsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir. (2010). *Nemendur með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum – upplifun fagfólks skólanna*. Reykjavík: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Sótt 24. febrúar 2016 af http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/skjol/Nemendur.pdf.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon. (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi. Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997 til 2004*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Íslenska alfræðiorðabókin. (2000). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur ehf.

Lawrence, G. og Adams, F. (2006). For every bully there is a victim [rafræn útgáfa]. *American secondary education*, 35, 66- 71.

Lodge, J. og Frydenberg, E. (2005). The role of peer bystanders in school bullying: positive steps toward promoting peaceful schools [rafræn útgáfa]. *Theory into Practice*, 44, 329–336.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli. (2002). *Olweusarkerfið gegn einelti: Handbók*. Reykjavík: Dan Olweus.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*. Reykjavík: Svansprent.

- Myers, R. (1995). *The twelve who survive: Strengthening programmes of early childhood development in the third world* (2. útgáfa). Ypsilanti: High/Scope Press.
- Nansel, T.R., Overpeck, M.D., Pilla, R.S., Ruan, W.J., Simons-Morton, B., & Scheidt, P. (2001). Bullying behaviours among US youth [rafræn útgáfa]. *Journal of the American Medical Association*, 285, 2094–2100.
- Nation, M., Vieno, A., Perkins, D. D. og Santinello, M. (2007). Bullying in school and adolescent sense of empowerment: An analysis of relationships with parents, friends and teachers [rafræn útgáfa]. *Journal of Community and Applied Social Psychology*, 18, 211-232.
- Olweus, D. (1993). *Bullying at school: What we know and what we can do*. Cambridge, MA: Blackwell.
- Olweus Bullying prevention program. (2003). *Brief information about Dan Olweus*. Sótt 10. apríl 2016 af <http://www.clemson.edu/olweus/history.htm>.
- Olweus, D. (2003). *Einelti meðal barna og unglinga: Ráðleggingar til foreldra* [bæklingur]. Reykjavík: Olweusaráætlunin gegn einelti.
- Olweus, D. (2006). *Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegu atferli: handbók* (2. útgáfa) (Matthías Kristiansen þýddi). Reykjavík: Olweusarverkefnið gegn einelti.
- Peguero, A. A. (2009). Victimization of the Children of Immigrants: Latino and Asian American Student Victimization. [rafræn útgáfa]. *Youth and Society*, 41, 186-208.
- Ragnar F. Ólafsson. (2008). *Mat á árangri af Olweusaráætlun gegn einelti*. Sótt 10. apríl 2016 af [file:///Users/bylgjasigmarsdottir/Downloads/mat_a_aranrgi_af_olweusarverkefni_uttekt%20\(1\).pdf](file:///Users/bylgjasigmarsdottir/Downloads/mat_a_aranrgi_af_olweusarverkefni_uttekt%20(1).pdf).
- Reykjavíkurborg. (2008, maí). *Skýrsla starfshóps um eflingu sjálfsmyndar og félagsfræni barna/nemenda í leik og grunnskólum*. Sótt 7. maí 2016 af http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_starfshops_sjalfsmynd_felagsf_0.pdf.
- Ross, D. M., (2003). *Childhood Bullying, Teasing, and Violence: What School Personnel, Other Professionals and Parents Can Do*. (2. útgáfa). San Francisco: University of California.
- Sharp, S. og Smith, P. K. (ritstjórar). (2000). *Gegn einelti: Handbók fyrir skóla* (Ingibjörg Markúsdóttir þýddi). Reykjavík: Æskan.
- Slonje, R., & Smith, P. K. (2008). Cyberbullying: another main type of bullying? [rafræn útgáfa] *Scandinavian Journal of Psychology*, 49, 147–154.
- Smith, P. K. og Thompson, D. A. (1991). Dealing with bully/victim problems in the U. K. í P. K. Smith og D. Thompson (ritstjórar), *Practical approaches to bullying* (bls. 1-2). London: David Fulton.

- Smith, P. K., Mahdavi, J., Carvalho, M., Fisher, S., Russell, S. og Tippett, N. (2008). Cyberbullying: its nature and impact in secondary school pupils [rafræn útgáfa]. *Journal of child psychology and psychiatry* 49, 376-385.
- Sonia, S. og Smith, P. K. (2000). *Gegn einelti: Handbók fyrir skóla*. (Ingibjörg Markúsdóttir þýddi). Reykjavík: Æskan.
- Strohmeier, D., Kärnä, A. & Salmivalli, C. (2011) Intrapersonal and interpersonal risk factors for peer victimization in immigrant youth in Finland [rafræn útgáfa]. *Developmental Psychology*, 47,248–258.
- Tattum, D. P. (1989). Violence and aggression in schools. Í D. P. Tattum og D. A. Lane (ritstjórar), *Bullying in schools* (bls. 7-19). England: Trentham Books.
- Ttofi M. M. , Farrington D. P. , & Lösel F. (2012). School bullying as a predictor of violence later in life: A systematic review and meta-analysis of prospective longitudinal studies [rafræn útgáfa]. *Aggression and Violent Behavior*, 17, 405 -418.
- Vanderbilt, D., Augustyn, M. (2010). The effects of bullying [rafræn útgáfa]. *Paediatrics and child health*, 20, 315-320.
- Þórhildur Líndal. (2003). Mun aldrei sofna á verðinum. Í Svava Jónsdóttir (ritstjóri), *Hið þögla stríð: einelti á Íslandi* (bls. 11-22). Reykjavík: Salka.
- Þorlákur H. Helgason. (2009). *Einelti: Góð ráð til foreldra*. Reykjavík: Heimili og Skóli.
- Þorlákur H. Helgason. (2016, apríl). Stúlkum í unglíngastigi líkar verr í skóla. *Olweusarverkefnið gegn einelti*. Sótt 18. apríl 2016 af <http://olweus.is/>.
- Þóroddur Bjarnasson, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson. (2006). *Heilsa og Lífskjör skólanema 2006: Landshlutaskýrsla*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.